


Í ÖNDVEGI



Íslenskt handverk og hönnun





Lifandi hlutir

Lifandi hlutir eru hannaðir af Ólínu Rögnudóttur fyrir Fólk Reykjavík. Um er að ræða margnota hluti sem geta verið allt í senn: blómavasi, kertastjaki, bókastoð og skúlptúr. Hlutirnir eru ýmist framleiddir á Íslandi eða í Portúgal, úr steintegundum sem fáanlegar eru á svæðinu. Á Íslandi eru hlutirnir ýmist úr gabbró, líparíti, grágrýti eða blágrýti, en grágrýtið er meðal annars fengið úr grunni nýs Landspítala.

Innsetning í suðurstofu Bessastaða 2022

Mikilvægur áfangi í sögu íslenskrar húsgagnahönnunar og húsgagnasmíði var við innsetningu íslenskra húsgagna í suðurstofu Bessastaða 12. júní 2019. Á Bessastöðum eru húsgögn sem koma víða frá og mörg þeirra eiga sér langa sögu, sem jafnvel er talin í árhundruðum. En þar er einnig að finna nýrri smíði og má þar meðal annars nefna hillur í bókhlöðu Bessastaða hannaðar af Sveini Kjarval og smíðaðar hér á landi.

Við val á húsgögnum í suðurstofu Bessastaða í nýrri innsetningu árið 2022 var haft í huga að sýna þá miklu fjölbreytni sem einkennir íslenska hönnun og framleiðslu, auk þess sem lítið var til sjálfbærni og hringrásarhugsunar.

Samtök iðnaðarins hafa haft frumkvæði að því að íslensk húsgögn verði sýnileg á Bessastöðum í samvinnu við Hönnunarmiðstöð Íslands, þar sem gestum gefst kostur á að sjá íslenska hönnun og handbragð íslenskrar framleiðslu stillt upp á fallegan hátt.

Íva Rut Viðarsdóttir innanhússarkitekt valdi húsgögnin og skipulagði rýmið í suðurstofunni.



Sóló

Sóló innskotsborðið er framleitt eftir pöntun og er því fánlegt í ýmsum stærðum og útfærslum eftir óskum hvers og eins.



Form

Lampinn Form er hannaður af Theodóru Alfreðsdóttur fyrir Fólk Reykjavík. Lampinn er gerður úr tveimur náttúrulegum hráefnum, marmara og áli.



E-60 Lounge

E-60 Lounge stóllinn er hannaður af Birki Snæ Einarssyni og framleiddur hjá Sólóhúsgögnum. Hann er byggður á hinum þekktu E-60 stól sem Sólóhúsgögn hafa framleitt síðan 1960 þegar fyrirtækið var stofnað. E-60 Lounge er fánlegur með ýmsum áklæðum og getur verið heilbóstraður eða með bólstraðri setu og viðarbaki.





Pórshamar

Stóllinn Pórshamar er hannaður af Halldóri Hjálmarssyni, húsgagna- og innanhússarkitekt (1927–2019) árið 1961. Framleiðandi stólanna er Random Ark. Um er að ræða svarta grind og svartlitaða eik en Pórshamar er einnig fáanlegur í öðrum viðartegundum og litum.

Geir

Stóllinn og borðið Geir eru hönnuð hjá Studio Granda. Framleiðandi er Axis. Geir er framleiddur úr íslensku birki, sauðskinni, ull og grágrýti. Geir Oddgeirsson, húsgagnasmiðameistari, sá um þróun og smíði frumgerðar. Brákarey framleiðir sauðskinnsléið, GÁ Húsgögn sinnir bólstrun og Steinkompaníið framleiðir steinplötu.



Multi

Multi vasar og skálar eru hannaðar af Rögnu Ragnarsdóttur fyrir Fólk Reykjavík. Einungis eitt mót er notað við blástur glerhlutanna og eftir á eru vasarnir skornir til svo úr verða mismunandi vasar og skálar. Við hvern skáskurð verður til ný ásýnd og nýtt hlutverk. Glerið er munnblásið í Tékklandi.



Mói

Sófasettið Mói er hannað af Aðalheiði Dóru Þórólfsdóttur og framleitt hjá Zenus. Sófasettið var fyrst kynnt á Hönnunarmars árið 2014. Fjöldi úrfærslna er á áklæði sófasettsins, hvort sem er úr taui eða leðri. Fætur eru úr eik sem hægt er að fá bæsaða í nokkrum litum.



Arkítýpa #2

Borðið Arkítýpa #2 er hannað af Karítas Möller og Ástríði Birnu Árnadóttur. Hráefnið er endurnýttur marmari úr byggingariðnaði. Um er að ræða skúlptúrísk borð úr endurnýttum steinplötum sem annars yrði fargað. Arkítýpur voru fyrst sýndar á Hönnunarmars 2021 og 2022.



Endurunnið textílbord

Borðið er hannað af Jóni Helga Hólmgeirssyni fyrir Fólk Reykjavík. Borðið er úr plötum sem gerðar eru úr endurunnum textíl sem fellur til í framleiðslu og rekstri fyrirtækja og stofnana, svo sem endurunnum sængurverum og lókum. Borðplatan er úr FSC vottuðum aski og uppistaðan úr endurunnu stáli.





Íslensk húsgagnaframleiðsla var í miklum blóma á tímabilinu 1950 til 1975 eða allt þar innflutningur húsgagna var gefinn frjáls og enn leynast víða húsgögn frá þeim tíma. Á þessum árum einkenndist íslenskur húsgagnaiðnaður af mörgum smáum fyrirtækjum en á árinu 1972 voru hátt í 300 fyrirtæki starfandi í þeim iðnaði. Húsgagna- og innanhússarkitektar stofnuðu með sér samtök árið 1955 til að auka útflutning framleiðslu sinnar og taka þátt í sýningum erlendis. Stofnendur voru einungis átta en félagsmönnum fjölgaði hratt og voru þeir orðnir hátt í 90 um aldamótin. Um tíma streymdu erlend húsgögn á markaðinn og dró þá verulega úr allri framleiðslu hér á landi. Á síðustu árum hefur vegur íslenskrar hönnunar og húsgagnaframleiðslu vaxið að nýju. Fjölmargir hönnuðir og framleiðendur hafa í gegnum tíðina komið fram með nýstárleg húsgögn sem hafa notið mikilla vinsælda. Í mörgum tilvikum er um að ræða húsgögn sem öðlast hafa ákveðinn sess hjá landsmönnum. Framsækni hefur einkennt hönnun og framleiðslu íslenskra húsgagna þegar nýr efniviður hefur verið notaður, nýstárleg form, ný áklæði eða húsgögnin mótuð á nýjan hátt. Það getur verið langur vegur frá hugmynd og teikningu hönnuðar og þar til húsgagnið hefur verið smíðað. En þegar handverk og hönnun fara vel saman tekst oft að skapa ný viðmið sem geta haft áhrif á margar kynslóðir.